

Þannig samþykkt á 28. fundi hreppsnefndar Súðavíkurhrepps þann 27. nóvember 2003.

*Súðavík, 10. desember 2003.*

**Ómar Már Jónsson** sveitarstjóri.

22. desember 2003

Nr. 999

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Brekku, Borgarbyggð.

Breytingin felst í því að lóðirnar verða samtals níu í stað fjögurra áður.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreinda breytingu á skipulaginu.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997. Náttúruvernd ríkisins (Umhverfisstofnun) gerði athugasemd við deiliskipulagið vegna náttúruverndarsjónarmiða, m.a. vegna nálægðar fyrirhugaðra frístundahúsa við Grábrókargíga. Skipulagsstofnun hefur á grundvelli þessari sjónarmiða andmælt fyrirhuguðum breytingum á deiliskipulaginu.

Bent skal á að lóðarmörk fyrirhugaðrar frístundabyggðar er 10 m frá þeirri línu er afmarkar náttúruvættið Grábrókargíga. Töluverð byggingastarfsemi á sér nú þegar stað í Grábrókarhrauni sbr. Bifröst.

Ofangreind breyting á deiliskipulagi öðlast þegar gildi.

*Borgarnesi, 22. desember 2003.*

**Sigurður Páll Harðarson**, bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.

22. desember 2003

Nr. 1000

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 849, 14. desember 1999, um eftirlit með innflutningi sjávarafurða.

#### 1. gr.

1. mgr. 13. gr. orðist svo:

Landamærastöðvar skulu staðsettar á eftirtöldum stöðum: Akureyri, Eskifirði, Hafnarfirði, Húsavík, Ísafirði, Keflavíkurflugvelli, Njarðvík, Reykjavík og Þorlákshöfn. Fiskmjöl má aðeins fara um landamærastöðvar á Akureyri, í Hafnarfirði, Njarðvík og Reykjavík. Lifandi sjávardýr mega aðeins fara um landamærastöð á Keflavíkurflugvelli.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 29. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. desember 2003.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

*Snorri Rúnar Pálmason.*